



Ólöf Kristin sýningarstjóri og Eggert Pétursson við málverk hans þar sem sést í blómaandlit og teikningu Kjarvals. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Samtal tveggja tíma

Á Kjarvalsstöðum er sýning á verkum Kjarvals og sextán samtímalistamanna sem unnin eru í ýmsa fjölbreytta miðla.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Elif endurkoma er yfirskrift viðamestu sýningar Listasafns Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum á þessu starfsári. Sýningin er ekki einungis í sölum safnsins heldur teygir hún sig út á ganga þess. Sýningarstjórar eru Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, Markús Þór Andrésson og Edda Halldórsdóttir en hún er sérfræðingur safnsins um list Kjarvals.

„Á þessari sýningu erum við að setja fram tilgátu um tengsl á milli listaverka samtímalistamanna og verka sem fólk þekkir eftir meistara Kjarval,“ segir Ólöf Kristín. „Fyrir utan verk Kjarvals höfum við valið verk eftir sextán starfandi listamenn sem allir hafa sett svip sinn á íslenskt menningarlíf á síðustu árum og áratugum. Listamennirnir hafa ólík höfundareinkenni og vinna á ólíkan hátt. Sumir hafa skapað verk þar sem þeir vinna beint með arfleifð Kjarvals, aðrir hafa skapað sín verk út frá allt öðrum forsendum en við sýningarstjórnarnir lesum í verkin og samhengi þeirra tengsl við list og arfleifð meistara og finnst því áhugavert að bjóða upp á þetta samtal tveggja tíma. Hver og einn verður síðan að fara í þetta ferðalag á eigin forsendum en það er mitt mat að hér sé tækifæri til að endur-

HVER OG EINN VERÐUR SÍÐAN AÐ FARA Í ÞETTA FERÐALAG Á EIGIN FORSENDUM EN ÞAÐ ER MITT MAT AÐ HÉR SÉ TÆKIFÆRI TIL AÐ ENDURNÝJA SAMTALIÐ VIÐ MEISTARA KJARVAL OG UPPLIFA VERK SAMTÍMALISTAMANNANNA ÚT FRÁ NÝJUM FORSENDUM.

Ólöf Kristin Sigurðardóttir

nýja samtalið við meistara Kjarval og upplifa verk samtímalistamanna út frá nýjum forsendum.“

Áhrifamiklar innsetningar

Verk samtímalistamanna eru unnin í fjölbreytta miðla. „Þetta eru allt frá því að vera málverk eða ljósmyndir yfir í það að vera stórar vídeóinnsetningar. Verkin eftir Kjarval eru ekki mörg en á meðal þeirra eru nokkur af hans frægustu verkum, svo sem Fjallamjólk. Á meðal verka samtímalistamanna á sýningunni eru stórar og mjög áhrifamiklar innsetningar og stærri verk. Þar á meðal er ljósaverk úr gleri eftir Ólaf Eliasson. Í því er gyllt gler og handgert grænt gler sem unnið er úr jökulleir.

Eitt umfangsmesta verkið á sýningunni er vídeóinnsetning eftir

Steinu Vasulka sem nefnist Hraun og mosi og kallast á við hraun og mosa Kjarvals. Steina hefur sagt frá sterkri upplifun sinni af þessum náttúrufrýrbærum auk þess sem ofskynjunarlyf ýtti þar eitthvað undir.

Við erum mjög spennt að kynna þennan samhljómar samtímans við listaverk Kjarvals fyrir fólki. Sjálfri finnst mér samhljómarinn augljós. Kjarval hefur alltaf verið á einhvern hátt ósnertanlegur og ekki oft sem verkum hans er teft fram með list starfandi listamanna á þennan hátt. Áhrif Kjarvals á listamennina eru stundum greinileg en hin hugmyndalega tenging er alltaf sterk.“

„Á sýningunni er vídeó með stuttum viðtölum við flesta listamennina sem taka þátt í sýningunni. „Þetta er samklipp af stuttum samtölum, eins og mósaikmynd hugleiðinga um listamanninn Kjarval en einnig þeirra eigin sköpun,“ segir Ólöf Kristín.


Upphaf á ferðalagi

Eggert Pétursson er einn listamanna sem eiga verk á sýningunni. „Þetta eru tvö verk, bæði glæný. Annað, olía á striga, er mjög stór djámosamynd, og hitt verkið er nokkuð sérstakt því það er öðruvísi en þau verk sem ég hef áður gert. Fyrir tæplega tveimur árum setti ég saman hér á Kjarvalsstöðum sýningu á blómaverkum Kjarvals, Get ekki teiknað bláklukku. Vinnan við þá sýningu leiddi til þess að áhrif Kjarvals laumudust inn í mín verk. Fyrirmyndin er Blómaandlit, teikning eftir Kjarval sem er í eigu Listasafns Reykjavíkur. Í þessu nýja verki mínu er figúra þótt hún sé svolítið óljós.“

Eggert segir að þetta sé ekki í fyrsta sinn sem greina megi figúru í verki eftir hann. „Þær hafa verið þarna, en verið faldar. Ég vann eitt sinn upp úr verki eftir Mugg þar sem ég breytti figúrum í blóm en þarna geri ég þetta á annan hátt. Kannski er þetta upphaf á ferðalagi sem ekki sér fyrir endann á.“



Innsetning Steinu Vasulka. MYND/EYÞÓR ÁRNASON



Ólafur Eliasson á verk á sýningunni. MYND/ADSEND